

Sp.

506. Breytingartillaga

[177. mál]

við till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Hannibal Valdimarssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist: enda verði viðurkennt af öllum samningsaðilum sem samningsatriði sú sérstaða Íslands, að það geti aldrei sagt öðrum þjóðum stríð á hendur né háð styrjöld, þar eð þjóðin sé vopnlaus og ætli sér ekki að hervæðast.

Enn fremur lýsir Alþingi yfir því, að óskað verði endurskoðunar á Keflavíkursamningnum strax og ákvæði hans leyfa eða fyrr, ef samkomulag næst um það, og þeirri skipan komið á rekstur flugvallarins með uppsögn samningsins eða án þess, að reksturinn verði að öllu leyti í höndum Íslendinga, en samið verði við þær þjóðir, sem völlinn nota, um greiðslu kostnaðar við rekstur hans.